Morgunblaðið

Útgefandi hf. Árvakur, Reykjavík.
Framkvæmdastjóri Haraldur Sveinsson.
Ritstjórar Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson.
Ritstjórnarfulltrúi Þorbjörn Guðmundsson.
Fréttastjóri Björn Jóhannsson.
Auglýsingastjóri Baldvin Jónsson

200 mílurnar unnust undir kjörorði Jóns Sigurðssonar

Eigi víkja, voru kjörorð Jóns Sigurðssonar — og með þau í huga unnu Íslendingar einn merkasta sigur í sögu sinni, þegar þeir tryggðu sér yfirráð yfir 200 mílna fiskveiðilögsögu á því kjörtímabili, sem nú er að ljúka. Þetta lokatakmark sjálfstæðisbaráttunnar var erfiður róður, en með stjórnmálasnilli, varkárni, samningum og samstöðu þjóðarinnar á örlagastund tókst að koma þessu mikilvægasta máli líðandi stundar heilu í höfn. En þessi sigur mun ekki síður tryggja efnahagslega framtíð þjóðarinnar og veita þannig komandi kynslóðum tækifæri til að ávaxta sitt pund, ekki sízt þann menningarlega arf, sem við höfum fengið til varðveizlu og ávöxtunar.

Í tilefni af því, að við höldum nú í fyrsta skipti upp á 17. júní með fullum yfirráðum okkar yfir 200 mílna landhelginni hefur Morgunblaðið minnt sérstaklega á þennan merka áfanga í dag. Það er rétt sem Guðmundur Jörundsson segir í blaðinu, að lokasigurinn í landhelgismálinu sé „einn merkasti atburður aldarinnar", en hitt er því miður jafnrétt sem sú gamla kempa, Eiríkur Kristófersson, skipherra, minnir á, að þeir sem dræmast tóku undir óskina um 200 mílurnar töldu útfærsluna „höggva nálægt landráðum", eins og hann kemst að orði í blaðinu í dag. En hann bætir því við, að nú vildu allir Lilju kveðið hafa. Eiríkur minnir á framsýnina, þegar ákveðið var að færa út landhelgina og enginn vilji nú kannast við að hafa verið á móti þessari kröfu, en fullyrðir jafnframt, að margir Íslendingar hafi ekki gert sér grein fyrir „hvílíkt risa-heillaspor var stigið með útfærslunni í 200 mílur". Það ætti að vera okkur íhugunarefni í dag og áminning um að horfa fram á veginn, um leið og fagnað er því sem áunnizt hefur. Önnur kempa úr þorskastríðinu, Guðmundur Kjærnested, minnir einmitt á þetta, einnig í Morgunblaðinu í dag, þegar hann segir, að staða okkar í landhelgismálinu sé mjög sterk, eins og hann kemst að orði, en nauðsynlegt sé að gæta þess vel, sem fengizt hefur — annars sé voðinn vís. Það skulum við ekki sízt hafa í huga á þessum degi. En mikilvægast er, að landhelgisdeilunni lauk með fullkomnum sigri okkar Íslendinga eins og Guðmundur skipherra segir — og það „fyrr en ég átti von á". Það var vegna þess, að sjómennirnir sem gættu landhelginnar börðust með þjóðinni allri undir kjörorði Jóns Sigurðssonar, en ekki úrtölum hentistefnumanna — þeim orðum sem fámennri þjóð er nauðsynlegt að hafa að leiðarljósi: Eigi víkja.

Af þeim sökum getum við haldið þennan þjóðhátíðardag hátíðlegan með sérstökum hætti. Og einnig af þeim sökum getur Morgunblaðið ekki sízt óskað lesendum sínum og þjóðinni allri heilshugar til hamingju með daginn. Það hefur oft stormað um blaðið í þorskastríðum, en það hefur haft góðan málstað — og orð Jóns Sigurðssonar að leiðarljósi.

Öryggi þjóðar og hættuboðar

Það er frumskylda sjálfstæðra þjóða að tryggja öryggi sitt í viðsjárverðum heimi. Bitur reynsla síðari heimsstyrjaldar sýndi fram á algjört haldleysi hlutleysisyfirlýsinga í þeim tilgangi. Fjöldi þjóða, þar á meðal þrjú Norðurlanda, var hernuminn, þrátt fyrir hlutleysisyfirlýsingar. Þessar þjóðir, Danir, Norðmenn og Íslendingar, eru nú allar aðilar að Atlantshafsbandalaginu, varnarsamtökum vestrænna lýðræðisríkja, sem tryggt hafa frið í okkar heimshluta í meir en þrjá áratugi.

Aðild að Atlantshafsbandalaginu kom m.a. til athugunar hjá landvarnarnefnd Norðmanna, sem skipuð var haustið 1974, til að gera úttekt á öryggismálum Noregs fram til ársins 1990. 11 af 13 nefndarmönnum komust að þeirri niðurstöðu að engar breytingar verði á hagsmunasvæði Noregs á þessu tímabili. Þýðing landsins fyrir aðra minnki ekki við varnarleysi. Norðmenn geti ekki einir haldið uppi nægjanlegum landvörnum til að tryggja frið og jafnvægi umhverfis landið, eins og verið hafi. Áframhaldandi aðild að Atlantshafsbandalaginu sé því forsenda öryggis landsins. Það er og eftirtektarvert að jafnvel Kommúnistaflokkar Ítalíu, Frakklands og Spánar láta nú í ljós samþykki við aðild landa sinna að Atlantshafsbandalaginu, a.m.k. í orði, enda muni úrsagnir úr því raska valdajafnvægi í álfunni og veikja friðarlíkur.

Í vinstri stjórn, 1971—1974, kom fram, að þáverandi stjórnarflokkar voru ekki sammála um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Hins vegar virtust þáverandi stjórnarflokkar sammála um að varnarsamningurinn við Bandaríkin skyldi endurskoðaður með uppsögn og brottför varnarliðsins fyrir augum. Þetta varð tilefni þjóðarvakningar, sem kölluð var Varið land. Meir en 55.000 atkvæðisbærir Íslendingar undirrituðu áskorun til þings og stjórnar, þar sem stjórnvöld voru hvött til að „standa vörð um öryggi og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar með því að treysta samstarfið innan Atlantshafsbandalagsins, en leggja á hilluna ótímabær áform um uppsögn varnarsamnings við Bandaríkin og brottvísun varnarliðsins." Það voru þessu almennu mótmæli, sem og úrslit alþingiskosninganna 1974, sem komu í veg fyrir afleiðingar óábyrgrar afstöðu þáverandi stjórnvalda í öryggismálum þjóðarinnar. Heift kommúnistakjarnans í Alþýðubandalaginu í garð forystumanna Varins lands vegna þessarar þróunar mála kom svo fram í persónuníði í garð þeirra, sem vart á sinn líka í Íslandssögunni.

Ný vinstri stjórn á Íslandi myndi tvímælalaust stefna varnaröryggi Íslands í tvísýnu á ný. Nýleg ummæli Einars Ágústssonar, utanríkisráðherra í sjónvarpsþætti varðandi brottför varnarliðsins á skemmri tíma en fjórum árum, ef slík stjórn fengi fótfestu á ný, var ættumerki, sem allir stuðningsmenn vestræns varnarsamstarfs um jörvallt land hljóta að taka eftir. Sjálfstæðisflokkurinn, einn stjórnmálaflokka, getur tryggt áframhaldandi varnaröryggi landsins ef þjóðin þekkir sinn vitjunartíma og veitir honum styrk til þess í komandi alþingiskosningum.

Fyrsti 17. júní með fu


Hvað segja skipherrar Landhelgisgæzlunnar?

ÞÁTTUR íslenzkra varðskipsmanna er óumdeilanlega stór í þeim sigri sem Íslendingar hafa unnið í landhelgisbaráttunni. Morgunblaðið snéri sér til þriggja skipherra Landhelgisgæzlunnar í tilefni 17. júní og innti eftir áliti þeirra á stöðunni í landhelgismálinu í dag með tilliti til atburða síðustu ára. Skipherrarnir eru Guðmundur Kjærnested sem var einn 50 menninganna sem birtu áskorun um 200 mílurnar, Gunnar Ólafsson og Sigurður Árnason. Ekki náðist til fleiri skipherra Landhelgisgæzlunnar, þar sem þeir voru annað hvort við skyldustörf á sjónum eða í frí.

Guðmundur Kjærnested, skipherra:

„Staða okkar í landhelgismálinu er mjög sterk í dag"


Staða okkar í landhelgismálinu er mjög sterk í dag og við hefðum ekki við aðra en sjálfa okkur að sakast ef svo væri ekki. Úrslit 200 mílna deilunnar fengust fyrr en ég átti von á, ég bjóst við lengra og harðara þófi en raun varð á. En mikilvægast er að þessarri deilu lauk með fullkomnum sigri okkar Íslendinga. Við verðum að gæta þess að misnota ekki sjálfir þessa góðu stöðu því þá væri okkur voðinn vís. Þar á ég aðallega fjórðu hlutar skuttogaranna veiða



við notkun veiðisvæðanna. Að mínu mati eru sum veiðisvæðin ofnýtt eins og t.d. Vestfjarðamiðin, þar sem þrír svo til allt árið bæði með botnvörpu og flotvörpu og aftur mjög stór fiskisvæði, sem Þjóðverjar nýttu hér suðvestur af Reykjanesi, fiskuðu þar allt árið að jafnaði 10—12 tonn á dag hver togari, þau eru algerlega ónotuð af okkar fiskimönnum. Einnig eru fiskimið við norðanverða Vestfirði ákaflega lítið nýtt en við vissum að Bretar fiskuðu að jafnaði 10 tonn á dag þar á meðan á þorskastríðinu stóð. Þau mið hafa sáralítið verið nýtt af okkar fiskiskipum. Þetta tel ég miður.

Um gæzlu landhelginnar vil ég segja þetta. Það var mikið efast um það að við værum færir um að gæta 50 mílnanna þegar þær voru upp á teningnum vegna erfiðleika á staðsetningu. Við höfum aldrei átt í neinum erfiðleikum og það var því algerlega rangt mat manna sem því héldu fram. Landhelgisgæzlan hefur sýnt það að hún er fær um að gæta





Heimsádeila og kra

Eftir langt hlé kveður Guðmundur Guðmundsson (F-ERRÓ) sér hljóðs aftur með viðamikla sýningu myndverka sinna í Reykjavík, sem er jafnframt fjórða meiriháttar sýning hans hér í borg. Allar hafa sýningar þessar vakið óskipta athygli, en sú síðasta er nú stendur sem hæst, er viðamest þeirra allra. Hinar fyrri þrjár sýningar 1957, 1960 og 1965, voru allar haldnar í Listamannaskálanum gamla og fylltu skálann rækilega í hvert skipti, svo að ýmsum fannst nóg um. — Gengu þessar sýningar mjög vel og munu hafa reynst listamanninum ómælt veganesti í harðri lífsbaráttu á listabraut hans erlendis. Allar báru þessar sýningar óvenjulegum hæfileikamanni vitni, en hann var allur í kafi við að brjóta til mergjar ótal tæknileg vandamál, áleitnum og framsæknum.

Frá upphafi ferils Guðmundar sem nemanda í listaskóla hafa þeir eiginleikar verið mest áberandi í fari hans og dugað honum best, er að atorku og framsækni lúta. Vinnusemi hans í skóla og utan veggja skólans, meðan hann stundaði nám í Handíðaskólanum, hefur hlotið þjóðsagnablæ og uppskeran hefur fylgt í kjölfarið. Að kunna að hagnýta sér skólana þann tíma sem nemendur á annað borð eru þar, aðstöðu alla og þá reynslu er skólarnir miðla er það sem mestu varðar — og í sumum tilvikum skiptir öllu máli. — Tækniþekking er þung á metum í dag sem fyrr og þeir einir sem tækninni valda geta hafnað henni á rökvísan hátt, þeir hafa breiðast svið og úr flestu að velja. Þannig er einmitt að baki því þvælda hugtaki „frelsi" sú hugsun að afla sér sem mestrar þekkingar og ná sem mestri yfirsýn.

Guðmundur dró ekki úr sókn árin tvö í Osló né í Flórenz og Ravenna og því síður eftir að skólavist lauk, mætti frekar segja að fróðleiksþorsti hans hafi aukist með hverju árinu sem leið. Hann hafði vanist mikilli vinnu í æskubyggð sinni Kirkjubæjarklaustri, og síðar við vinnu að brúargerð og var það honum dýrmæt þjálfun til síðari átaka. Þá má þess geta að hann hafði vanist því að fara eldsnemma á ról og heldur hann þeim hætti enn í dag. Verður honum því hver dagur drjúgur til starfa og þó neitar hann sér ekki um hinar ljúfu hliðar lífsins. Hann sækir endurnýjun og ferskleika í víxlverkun strangrar vinnu og lífsnautna en enginn skyldi þó ætla að hér sé um óreglu að ræða. Ferðalög heimshorna á milli eru honum svipuð lífsnautn og t.d. heimsókn á úrvals matstofu eða krá á næsta götuhorni og hann er einn af fáum og jafnvel e.t.v. eini landi vor er tekið hefur próf í vínmati, en því fylgir m.a. að slíkir koma reglulega saman og dreypa á úrvals vínum, vega þau og meta. Þeir ferðast jafnvel langan veg til að bragða á ákveðnum tegundum og nýrri uppskeru. Þetta er íþrótt (sport) líkt og ótal margt annað ofar því almenna.